

## 5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðherra hverju sinni.

## 6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samín er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 561, 24. júlí 2000.

*Iðnaðarráðuneytinu, 7. mars 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstök sorphirðugjöld (sorphreinsunar- og sorpförgunargjald), sem innheimt verða með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

## 2. gr.

*Sorphreinsunargjald:*

Árlegt gjald kr. 8.000 á íbúð en þar sem lítið sorp er kr. 5.000. Í gjaldinu eru innifaldir 50 þokar.

## 3. gr.

*Sorpförgunargjald* frá atvinnurekstri, sem notar gáma og/eða hefur aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum:

Árlegt gjald samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs er sem hér segir:

Flokkur 1	kr. 4.000	Flokkur 4	kr. 50.000
Flokkur 2	kr. 10.000	Flokkur 5	kr. 100.000
Flokkur 3	kr. 25.000	Flokkur 6	kr. 200.000

## 4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá þessari er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps að fenginni umsógn heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi nr. 245/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

*Borgarfirði eystri, 4. febrúar 2003.*

**Magnús Þorsteinsson** sveitarstjóri.

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurkaupstaðar, nr. 867/1999.

## 1. gr.

1. mgr. 44. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Aðal- og varamenn í bæjarstjórn eru varamenn í bæjarráði og taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn forfallast.

## 2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á B-lið 57. gr. samþykktarinnar:

a. 4. tölul. verður svohljóðandi:

*Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 6 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fjallar einnig um umferðarmál sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar um atvinnumál í bænum.

b. 15. tölul. verður svohljóðandi:

*Fræðslu- og uppeldisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Nefndin fer einnig með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

c. 13. tölul. verður svohljóðandi:

*Menningarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um menningarmál í bænum. Jafnframt bókasafnsmál skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.

d. Ákvæði 2., 16. og 17. tölul. falla brott.

## 3. gr.

62. gr. verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri ásamt viðkomandi forstöðumanni ræður aðra starfsmenn deilda og stofnana en þá sem greinir í 61. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.